

## AUGLÝSING

45

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

9. marz

Á eftir 33. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að selja kjöt af nautgripum, hrossum, svinum og sauðfé í opinberum kjötsölustöðum, nema slátrað hafi verið í viðurkenndu sláturhúsi, enda hafi kjötið verið flokkað og stimplað af dýralækni eða öðrum löggiltum kjötskoðunarmanni. Ef selja á kjöt í kjötsölustöðum bæjarins frá sláturhúsum utan hans, skal heilbrigðisskoðun fara fram að nýju, áður en sala þess hefst.

Breyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. marz 1948.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Samvinnuskólans“, 46  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. marz 1948. 18. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Samvinnuskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Samvinnuskólans.

2. gr.

Stofnfé hans eru kr. 1000.00, sem nemendur og kennarar skólans hafa lagt fram. Í sjóðinn skal renna hagnaður allur, sem verða kann af árhátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Samvinnuskólans, ef veikindi her að höndum, og að veita þeim námsstyrki.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta hans. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggst við höfuðstól.

Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn 20000 kr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.. Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

46

18. marz

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kjörnir til árs í senn. Velja nemendur annan úr sínum hópi, en kennarar hinn innan sinna vébanda. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan hátt jafnöruggan, að dómi sjóðstjórnar.

8. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, ef til hans er boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og  $\frac{3}{4}$  fundarmanna samþykkja breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 9. marz 1948.

F. h. nemenda Samvinnuskólans

Jónas Jónsson.      Baldur Teitsson.      Áskell Einarsson.

47

22. marz

## AUGLÝSING

um breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 5 22. jan. 1929.

1. gr.

Gjald fyrir raforku, sem Rafveita Neskaupstaðar selur, skal frá og með 1. apríl n. k. vera sem hér segir:

1. Til ljósa .....	150 aurar hver kwst.
2. — heimilisnotkunar .....	40 — — —
3. — iðnaðar .....	75 — — —
4. — frystihúsa .....	33 $\frac{1}{4}$ — — —

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar skal endurskoðuð, þegar rafstöð sú, sem nú er í smíðum í Neskaupstað, verður tekin í notkun.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. apríl n. k., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.